

alltaf *ao*

– ég fer alltaf í sturtu á morgnana

‡ • allur « aldrei; stundum

dag-ur *kk – hestur*
[-s, -ar; [þgf.et] degi]

– sjáumst á mánudaginn

‡ dagr • dagur, daglegur, hversdagslegur,
daglega, dagblað, hádegi, síðdegi « nótt

finna *so sb-3 – drekka*
[fann, fundum, fundið]

– ég fann ekki pósthúsið

‡ • fundur, tilfinning « týna

koma *so sb-4 – bera*
[kom, komum, komið]

– ég kem bráðum

‡ • koma, fullkominn, samkomulag, velkominn
» mæta, hitta

himin-n *kk – hestur B S*
[-s, himnar]

– himinninn er heiður og blár

‡

áhyggj-a *kv – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– hafðu engar áhyggjur af mér

‡ • hyggja; hugsa, hugur

hálf-ur *lo – gulur*
[-, -t]

– ég ætla að fá hálf brauð

‡ hálfur • hálfgerður; helmingur

hvar *ao*

– hvar er Papey?

‡ • þar

fegin-n *lo – gulur B S*
[-, fegið; fegnari, fegnastur]

– hann var feginn að komast heim

‡ • fagna

frétt-a *so vb-i – heyra*
[-i]

– ég frétti að þú hefðir náð prófinu

‡ • frétt

háskól-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– ert þú í háskóla?

‡ • hár (lo), skóli

boð *hk – hús*
[-s, -]

– þau koma í boðið

‡ • boða, bjóða

bíó *hk – hús*
[-s, -]

– við ætlum í bíó í kvöld

‡

hótel *hk – hús*
[-s, -]

– við gistum á hóteli

‡

sakn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hún saknar mömmu sinnar

‡

aðallega *ao*

– við seljum aðallega matvöru

‡ aðalliga